

**Fundargerð 43. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 26. febrúar 2018 kl. 13.00**

**Dagskrá:**

1. Byggðamál og nýsköpun í velferðarráðuneytinu
2. Byggðaaætlun 2018-2024 – drög að þingsályktun
3. Erindisbréf stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
4. Önnur mál

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SSR), Björn Helgi Barkarson (UAR, vék af fundi 14:45), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR, vék af fundi kl. 14:57), Héðinn Unnsteinsson (FOR, vék af fundi kl. 15.08), Karl Björnsson (sambandinu), Þórarinn Sólmundarson (MMR), Þór G. Þórarinsson (VEL), Páll Brynjarsson (SSV), Hermann Sæmundsson (SSR) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Anna Katrín Vilhjálmsdóttir (UTN), Stefanía Traustadóttir (SSR), Helga Haraldsdóttir (ANR) og Árni Ragnarsson (Byggðastofnun).

Fundargerð 42. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Byggðamál og nýsköpun í velferðarráðuneytinu**

Þór G. Þórarinsson kynnti áætlun velferðarráðuneytisins um nýsköpun í velferðarþjónustu. Erindið er liður í að kynna málefni hvers ráðuneytis sem taka mið af byggðamálum. Mikið samráð var haft við vinnu þessarar áætlunar og ýmis þróunarverkefni hafa fengið styrki. Áætlunin tekur m.a. mið af byggðaaætlun og af fjármálaáætlun.

**2. Byggðaaætlun 2018-2024 – drög að þingsályktun**

Formaður dreifði drögum að tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2018-2024 og gerði grein fyrir efninu. Ráðherra mun kynna drögin fyrir ríkisstjórn föstudaginn 2. mars. Þá verða drögin send til ráðuneytanna til kynningar og síðan í opið samráð. Gert er ráð fyrir að leggja tillöguna aftur fyrir ríkisstjórn fyrir lok mars og þaðan í þinglega meðferð Alþingis. Talsverðar umræður urðu um einstakar aðgerðartillögur.

**3. Erindisbréf stýrihóps Stjórnarráðsins**

Þessum lið var frestað til næsta fundar.

**4. Önnur mál**

Engin önnur mál, en minnt á fund með SSVN á Sauðárkróki 27. febrúar, en það er síðasti fundur stýrihópsins með landshlutasamtökunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:25.